

Tillaga um breytingar á lögum SÍ (slit SÍ)

1. Við bætist ný 16. gr. svohljóðandi:

„Komi til þess að SÍ verði slitið skulu eignir sambandsins renna til aðildarfélaga þess í hlutfalli við fjölda skráðra félagsmanna.“

2. Eftirfarandi breytingar verða á númerum annarra greina:

Núverandi 16. gr. verður 17. gr. og núverandi 17. gr. verður 18. gr.

Greinargerð

Á grundvelli 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt heldur Skatturinn sérstaka almannaheillaskrá og eru gjafir til aðila sem þar eru skráðir frádráttarbærir frá tekjuskatti skv. 7. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 31. gr. sömu laga. Fyrir nokkru var leitað eftir skráningu SÍ í umrædda skrá en þá kom fram ábending frá Skattinum um að það væri ekki unnt nema í lögum/samþykktum sambandsins væri ákvæði um hvert eignir skyldu renna ef til slita þess kæmi.

Skráning í almannaheillaskrá er til þess fallin að hvetja einstaklinga og lögaðila til að styrkja sambandið. Laganefnd telur rétt að bregðast við þessu með því að setja inn í lögin ákvæði um hvert eignir SÍ renni ef til slita kemur, þótt ekki séu horfur á að nokkru sinni reyni í reynd á umrætt ákvæði. Við blasir að eðlilegast er að við slíkar aðstæður renni eignir til aðildarfélaganna og er hér lagt til að það verði í hlutfalli við fjölda skráðra félagsmanna.

Best þykir fara á því að hið nýja ákvæði verði 16. gr. og þar af leiðandi fái greinarnar sem á eftir koma ný númer.